# Fundargerð 63. stjórnarfundar

# Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 22. desember 2021 14:30-15:10

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSÞ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST)

Forföll: Baldur Dýrfjörð (BD), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

**Dagskrá:**

1. Fundargerð 62. stjórnarfundar
2. Umræður um næsta fræðslufund
3. Önnur mál

---

1. **Fundargerð 62. stjórnarfundar**

   Samþykkt.

2. **Umræður um næsta fræðslufund „Skólpmál á Íslandi – staða og framtíð"**

   Áherslur fræðslufundar ræddar, sjá mynd 1. Ólíkt flestum vestrænum ríkjum er Ísland ennþá í grunn innviðauppbyggingu. Því eru tækifæri í því að setji sér sér markmið sem stuðla að víðtækara sjálfbæru samfélagi (sbr. sjálfbærnimarkmið SÞ nr. 11) og innleiða lausnir sem draga úr alhliða mengun í skólpi/ofanvatni, s.s. lífrænar leyfar, lyfjaleyfar, eiturefni frá byggðu umhverfi, örplast osfrv. Mikilvægt er að kortleggja hvaða lausnir koma til greina fyrir aðgreint skólp, regnvatn, hitaveituvatn og grávatn. Þá er einnig áhugavert að átta sig betur á hvaða breytingar eru í vændum í Evrópureglugerðum og viðmiðunum til skólphreinsunar, svo að lausnirnar sem innleiddar verða þjóni langtímamarkmiðum Evrópu. Hólmfríður Þorsteinsdóttir hjá UST er vel tengd í Evrópusamstarfið og Fjóla Jóhannesdóttir inní Norðurlandafélögin/Svenskt Vatten. HÓA skoðar vísindalausnirnar (flokkur 5). Heyra frá Bergen og Þrándheimi (flokkur 6).

   Möguleg dagskrá fræðslufundar 24. Febrúar 2022.




Mynd 1: Hugarkort fyrir fræðslufund um skólphreinsun

3. **Önnur mál**

Stefnt er á næsta stjórnarfund um miðjan janúar.

Fundi var slitið kl. 15:30. Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is